

Nd.

75. Frumvarp til laga

um sildartunnur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Eigi má nota umbúðir um síld til söltunar nema ónotaðar, heilar og óskemmdar tunnur, er uppfylla eftirfarandi skilyrði eða önnur, er sett kunna að verða samkvæmt reglugerð. Heimilt er þó að nota undir síld tunnur, sem notaðar hafa verið áður hér á landi, enda séu slíkar tunnur taldar nothæfar af matsmönnum.

Hver furuheiltunna skal rúma að minnsta kosti 118,5 lítra og í mesta lagi 121,5 lítra.

Hver furuhálf tunna skal rúma að minnsta kosti 59,25 lítra og í mesta lagi 60,75 lítra.

Hver greniheiltunna skal rúma 120 lítra.

Hver grenihálf tunna skal rúma 60 lítra.

Tunnurnar skulu vera þéttar og búnar til úr vel þurru efni. Stafurinn má ekki vera brenndur. Tré, sem ekki er lagarhelt, má ekki nota. Ekki má nota staf eða botnfjalir úr mismunandi viðartegundum í sömu tunnu.

2. gr.

Hver sá, er stunda vill tunnusmiði sem atvinnu, skal sækja um löggildingu til þess til atvinnumálaráðherra, og skal hver tunna merkt verksmiðjumerki, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

3. gr.

Þeir, sem flytja inn tómar tunnur, sem ætlað er að nota undir síld, eða efni í sildartunnur, bera ábyrgð á, að tunnur þær eða efni í tunnur, er þeir flytja inn, uppfylli skilyrði þau, er sett eru í lögum þessum og reglugerð, um sildartunnur, sem sett verður samkvæmt þeim.

Innfluttar tunnur skulu merktar með tilsvarendi merkjum og tunnur þær, er smíðaðar eru í landinu.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um, hvernig haga skuli eftirliti með tunnum, sem fluttar eru inn í landið eða smíðaðar hér á landi, svo og um efni í tunnur og annað það, er þurfa þykir um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal fara með sem almenn lögreglumál, og varða sektum frá 200—5000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 25 12. júní 1939, um sildartunnur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Til ársloka 1942 er ráðherra heimilt að leyfa smíði á tunnum úr efni, sem innflutt er fyrir þann tíma, svo og innflutning á sildartunnum, þó að tunnur og efni fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum laga þessara. Sömuleiðis getur ráðherra til ársloka 1942 leyft, að notaðar verði undir síld þær tunnur, sem til eru í landinu.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. ósk atvinnumálaráðherra. Það er samið af sildar- matsstjóra Magnúsi Vagnssyni, og fylgdi því frá honum greinargerð svo hljóðandi:

Um 1. gr.

Aðalbreyting frá lögum 1939 er stærð tunnanna. Um mörg undanfarin ár hefir verið talið, að hin rétta stærð tunna undir íslenska sild sé 120 lítrar. Hefir verið algengt, að tómtunnukaupendur áskildu sér rétt til að fá 120 l. tunnur, og eins hafa tunnuseljendur jafnan boðið hingað 120 l. tunnur og talið stærðina tunnnum til gildis. Þessi tunnustærð er þekkt af sildarakaupmönnum, sem hagsmuna eiga að gæta hér á landi, a. m. k. frá Norðurlöndum. Þeir hafa talið sér hag að því, hve stærðin var rífleg, og enda þótt í viðskiptum við Norðurlönd sé miðað við ákveðna minnstu vigt í tunnu, þá mun þó seljendum þykja betra að láta af hendi nokkra yfirvigt heldur en liggja undir sífelldum kvörtunum um undirvigt.

Kaupendur hafa einnig eflaust tekið tillit til tunnustærðar okkar í ákvörðunum um, hverjir skyldu njóta viðskiptanna. Sama máli gegnir þar, sem sild er seld eftir útliti þökkunar, en ekki eftir vigt. Kaupendur hafa sumir þegar lært að meta hagnað af stórum tunnnum, og munu læra það betur þegar stærðin jafnast vegna lögfestingar. Að visu fara nokkrum sildum fleiri í 120 heldur en 119 lítra tunnu og mun fleiri heldur en í 115,5 l. tn. (norska meðalstærðin), en þeir, sem hlut eiga þar að máli, útgerðarmenn, sjómenn og sildarstúlkur, munu varla finna mun á afkomu sinni, þótt 4 sildum fleiri fari í tunnu, miðað við breytingu frá l. 1939, og þótt miðað sé við 115,5 l. norska stærð.

Það verður því að álíta réttast að halda fast við þá stærð, sem þegar hefir unnið sér hefð, þ. e. 120 lítra meðalstærð.

Í fyrra var munur á minnstu og stærstu tunnnum ákveðinn aðeins 2 lítrar. Nú hefir það komið í ljós, að bæði útlendir og innlendir tunnusmiðir telja óvarlegt að hafa þetta bil minna en 3 lítra, miðað við furutunnur. Er talið, að meiri nákvæmni við smíði tunnanna myndi hafa talsverðan kostnað í för með sér, og myndu tunnuverksmiðjurnar, ef þeirrar nákvæmni yrði krafizt, einnig í verði sínu verða að taka tillit til þeirrar áhættu, sem stafað gæti af því, að tunnur af réttri stærð, við geymslu, gisnun eða af óviðráðanlegum orsökum, reyndust komnar út yfir þessi takmörk. Þykir því rétt, einnig með tilliti til þess, að við erum um tunnukaup mjög háðir norskum verksmiðjum, sem lög þar í landi leyfa þriggja lítra stærðarbil, að hafa bilið milli minnstu og stærstu furutunnu 3 lítra. Um stærð grenitunna (skozkra tunna) gegnir öðru máli; efni þeirra er betra og smíði vandaðri, enda dýrari. Í skozku matslögnum er stærð slíkra tunna fastákveðin, og tunnur þaðan hafa reynt mjög jafnstórar. Eins hefir tunnuverksmiðju Siglufjarðar, sem um nokkur ár hefir framleitt grenitunnur af skozkri gerð, tekizt að hafa þær mjög jafnar. Stærð grenitunna verður að miða við skozka stærð, bæði með tilliti til innflutnings tómtunna þaðan og eins vegna rikjandi verzlunarvenja. Nú er skozka stærðin lögákveðin þar 26 $\frac{2}{3}$ „Imperial Gallons“ heiltunnan og hálfunnan 13 $\frac{1}{2}$ gallons. Nú ber ekki heimildum saman um stærð gallónu. Löggildingarstofan telur gallónu vera 4.543 l., en í ýmsum töflum, þar sem ensku máli er breytt í lítra, er gallóna talin jafngilda 4 $\frac{1}{2}$ l. Samkvæmt uppgjöf löggildingarstofunnar ætti skozk tunna að innihalda 121,146 l. og hálftn. 60,573 l., en sé farið eftir öðrum heimildum, þ. e. gallón á 4 $\frac{1}{2}$ l., verður innihald $\frac{1}{4}$ tn. sem næst 120 l. og $\frac{1}{2}$ tn. 60 l. Nú hafa þær skozku tunnur, sem hingað hafa flutzt síðastliðin ár, reynt að innihalda 120 l. og 60 l. $\frac{1}{4}$ og $\frac{1}{2}$ tn., svo ég hefi hætt á að ákveða stærðina í samræmi við það, og einnig með tilliti til meðalstærðar furutunna, og er þá ekki um nema eina sildartunnustærð að ræða í landinu.

Gert er þó ráð fyrir, að í reglugerð sé hægt að heimila að nota skozkar tunnur, þótt einhver stærðarmunur kynni að vera.

Í lögum frá 1939 er ekki gert ráð fyrir, að leyft sé að salta í notaðar tunnur.

Þetta getur ekki staðizt, því árlega falla óhjákvæmilega til mörg þúsund „úrþökk-unartunnur“ (t. d. 1938 ca. 15 þús. tn. undan matjessild eingöngu), sem yfirleitt eru jafngóðar og ónotaðar. Hinsvegar var þá í 3. gr. gert ráð fyrir undanþágu til að flytja inn notaðar tunnur undir kryddsild.

Undanfarið hafa nokkrir kryddsildarkaupendur séð sér hag í og fengið leyfi til að flytja inn notaðar tunnur. Þetta hefir yfirleitt skapað óánægju hjá öðrum en þeim, er leyfin fá og í það og það skiptið hagnast um ca. 50 aura eða 1 kr. á tunnu. Þessar innfluttu notuðu tunnur hafa oftast verið samansafn undan ýmissa landa framleiðslu, ósamstæðar, oft illa verkaðar og gallaðar. Vinna við þessar ósamstæðu og lélegu tunnur hefir reynzt miklu dýrari en við nýjar tunnur, og er saltendum illa við þær. Þótt þeir hinsvegar hafi ekki getað afsagt að nota þær tunnur, sem kaupandi hafði rétt til að leggja til samkvæmt samningi. Þótt þessar tunnur hafi verið fluttar inn og ætlaðar undir kryddsild, hefir oft farið svo, að þær hafa verið notaðar meira og minna undir aðrar tegundir. Þegar svo þessar gömlu tunnur koma á markaðinn ytra, vekja þær óánægju hjá öllum, sem um fjalla.

Síðastliðið vor rannsakaði ég þetta atriði með því að spyrja marga útlenda sildarkaupendur, hvernig þeim kæmi, ef innflutningur notaðra tunna yrði bannaður. Svör allra hinna stærri kaupenda voru á þá leið, að því meira sem gert væri að því að útrýma gömlum tunnnum, því betra. Svör hinna minni, sem helzt hafa flutt inn gamlar tunnur, voru á þá leið, að ef tryggt væri, að keppinautarnir fengju ekki að flytja inn gamlar (ódyrar) tunnur, þá væri þeim sama.

Undanþáguheimildin er því felld niður, en í þess stað heimilað að nota tunnur þær, er til falla hér á landi, þó með því sjálfsagða skilyrði, að þær séu nothæfar.

Um 2. gr.

Er orðrétt eins og í lögum frá 1939.

Um 3. gr.

Ætlazt er til, að eftirlit með lögmæti sildartunna sé aðallega framkvæmt við útskipun fullra tunna. Það mun hafa vakað fyrir þeim, er gengust fyrir að tunnulögin yrðu sett, að eftirlitið væri aðallega framkvæmt við innflutning á tómun tunnnum, en við nánari athugun á þessu atriði er ýmislegt, sem mælir á móti því. Í fyrsta lagi: Til þess að framkvæma eftirlit við innflutning þyrfti að hafa til taks að minnsta kosti einn mann á hverri höfn, og marga á stærri höfnum. Í öðru lagi: Þótt innflutnings-eftirlit sé viðhaft, þyrfti samt að hafa eftirlit með útflutningi tunnanna, því þótt góðar tunnur séu fluttar inn, geta þær hæglega orðið óhæfar umbúðir þegar til útflutnings kemur, vegna illrar meðferðar; en það virðist sjálfsagt, að lögin veiti þeim, sem kaupa fullar tunnur, sama rétt og þeim, sem kaupa tómar tunnur. Í þriðja lagi: Með því að framkvæma eftirlitið aðallega við innflutning er hætt við, að saltendur velti öllum sínum áhyggjum í þessu falli á eftirlitið, verði kærulausari um meðferð tunnanna og vilji hanga í því, að tunnur, sem einu sinni hafa verið metnar góðar, séu það framvegis. Er til hliðstæð reynsla við þetta: Fersksildarmatið gamla.

Hugsanlegt var að láta framkvæma eftirlitið af íslenskum mönnum í útlöndum, eða semja svo við stjórnir þeirra ríkja, er við kaupum tunnur frá, að embættismenn þeirra önnuðust eftirlitið. Hvorttveggja mun verða þungt í vöfum, enda þurfti þá líka sama eftirlitið hér við útflutninginn.

Stungið er þá upp á því fyrirkomulagi, að innflytjendur ábyrgist sjálfir, að tunnurnar séu lögmætar við innflutning. Með því eru þeir knúðir til að kynna sér lögin og reglugerðina, og þessi aðferð mun veita þeim gott aðhald til betri meðferðar á tunnunum. Verksmiðjumerki það, sem skipað er að setja á tunnurnar, á að vera sönnun um uppruna þeirra. Má ætla, að innflytjendur gangi eftir, að merkingin verði í lagi, því ef svo er ekki, geta þeir ekki haft hendur í hári þeirra, sem seldu þeim ólögmætar tunnur. Í reglugerð er þó gert ráð fyrir aðstoð tunnueftirlitsins við innflutning, ef þess er sérstaklega óskað.

Um 4. gr.

Er tekin orðrétt eins og í 3. gr. l. 1939, en aftan af þeirri grein fellt nokkuð.

Um 5. gr.

Óbreytt eins og 4. gr. l. 1939.

Um 6. gr.

Til ársins 1943, eða ársloka 1942, er hinn allra stytzi frestur, sem hægt er að setja. Hinsvegar er full þörf á, að framkvæmd laganna komist sem fyrst á; með það fyrir augum er fresturinn hafður svona stuttur. Gert er ráð fyrir, að lögin nái samþykki í marz—apríl og þá þegar verði lögin auglýst í þeim löndum, þar sem tunnurnar eru framleiddar. Sömuleiðis verður séð um, að lögum og reglugerðum á t. d. norsku og ensku verði dreift út til verksmiðjanna eða viðskiptamanna þeirra hér.